

## GJALDSKRÁ

**fyrir hirðu og eyðingu sorps í Akraneskaupstað.**

1. gr.

Bæjarstjórn Akraness er heimilt að leggja á sérstakt sorphreinsunar- og sorpeyðingargjald með vísan til samþykktar um meðhöndlun úrgangs á Akranesi nr. 1231/2005.

2. gr.

Gjöldin greiðast árlega sem hér greinir:

- 2.1 Íbúðir, íbúðarhúsnæði greiða kr. 19.256 á íbúð í sorphreinsunargjald miðað við tvær sorptunnur. Húseigendum eru í upphafi afhentar tvær 240 lítra sorptunnur (ein fyrir almennt sorp og önnur fyrir flokkað sorp).
- 2.2 Íbúðir, íbúðarhúsnæði greiða kr. 16.422 á íbúð í sorpeyðingargjald miðað við tvær sorptunnur (ein fyrir almennt sorp og önnur fyrir flokkað sorp).
- 2.3 Húsfélög geta fengið 660 lítra eða 1.100 lítra sorpílát í stað 240 lítra sorptunna. Sorptunnum sem skilað er inn til að fá stærri sorpílát þurfa að vera a.m.k. með samtals sömu lítratölu og þau sorpílát sem koma í staðinn. Endurnýjun sorpíláta er á kostnað húseigenda.

Gjöldin innheimtast með fasteignagjöldum sem að jafnaði eru innheimt á tímabilinu janúar til og með október ár hvert.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Akraness þann 15. desember 2020, staðfestist hér með samkvæmt 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1180/2018 fyrir hirðu og eyðingu sorps í Akraneskaupstað.

*Akranesi, 15. desember 2020.*

**Sævar Freyr Þráinsson** bæjarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 28. desember 2020